

Stefanía Arnórsdóttir  
Steinunn Helga Lárusdóttir

## **Mat á starfi Menntaskólans á Ísafirði**

Maí 2000

## Formáli

Í byrjun mars 2000 gerði menntamálaráðuneytið samning við þær Stefaníu Arnórsdóttur og Steinunni Helgu Lárusdóttur um að þær gerðu úttekt á skólastarfi í Framhaldsskóla Vestfjarða. Í samningi kom fram að skýrslu skyldi skilað eigi síðar en 31. maí.

Samningurinn var gerður í framhaldi af auglýsingu ráðuneytisins frá 17. desember 1999 þar sem auglýst var eftir framhaldsskólum er hefðu áhuga á því að starf þeirra yrði metið af ytri matsaðilum. Menntaskólinn á Ísafirði (þá Framhaldsskóli Vestfjarða) var meðal þeirra sem sóttu um og var valinn.

Í verksamningi kom fram að úttektin skyldi byggja á sjálfstæðri gagnaöflun, heimsóknunum á vettvang og því sjálfsmati sem fram hefur farið í skólanum. Tekið var fram að í matinu skyldi m.a. fjallað um skipulag og stjórnun, samskipti, viðhorf nemenda, nám og kennslu og stoðþjónustu.

Í þessari skýrslu eru niðurstöður matsverkefnisins kynntar.

Fjölmarginir aðstoðuðu við matsvinnuna og ber þar hæst stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði, starfsfólk, nemendur, skólanefndarmenn og fulltrúa úr Hollvínafélagi skólans. Öllu þessu fólki eru hér færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

Reykjavík, 31. maí 2000

Stefanía Arnórsdóttir  
Steinunn Helga Lárusdóttir

# Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur.....	3
Upplýsingaöflun.....	4
Menntaskólinn á Ísafirði.....	5
Stjórnun og skipulag.....	6
Nám og kennsla.....	8
Viðhorf nemenda.....	10
Samskipti.....	11
Stoðþjónusta.....	12
Nýbreytni og þróunarstarf.....	13
Brottfall.....	15
Samantekt, sterkar og veikar hliðar.....	16
Tillögur til umbóta.....	17
Lokaorð.....	18
Viðauki.....	19

## Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði er framhaldsskóli með fjölbrautasniði og starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla (1996, nr. 80, 11. júní).

Á vorönn 2000 voru nemendur í dagskóla 259 og í öldungadeild og utan skóla voru 39 nemendur. Nemendafjöldi á síðasta skólaári og áætlaður nemendafjöldi á næsta ári er nánast sá sami. Fastráðnir kennarar voru 14 og stundakennarar 18 auk fjögurra við dagskólann á Patreksfirði. Aðrir starfsmenn en kennarar voru fimm á þessum tíma, bókaforður, gjaldkeri, húsvörður, matráðskona og ritari. Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði er Björn Teitsson, aðstoðarskólameistari er Jón Reynir Sigurvinsson og áfangastjóri/námsráðgjafi er Guðrún Á. Stefánsdóttir.

Í þessari skýrslu er fyrst gerð grein fyrir því hvernig staðið var að öflun upplýsinga. Þá er gerð grein fyrir niðurstöðum varðandi þá málaflokka sem matið tók til og dregin fram í stuttu máli helstu atriði sem fram komu, þau rædd og metin. Við lok umfjöllunar um hvern málaflokk eru að jafnað dregin fram atriði sem skýrsluhöfundar telja að mætti færa til betri vegar. Í lokakafla er samantekt helstu atriða sem höfundar telja til styrkleika og veikleika Menntaskólans á Ísafirði og loks eru lagðar fram nokkrar tillögur til umbóta.

Skýrslunni fylgir viðauki þar sem birtur er spurningalisti er lagður var fyrir nemendur skólans.

# Upplýsingaöflun

Upplýsinga var aflað með eftirfarandi hætti:

## 1. Viðtöl

Dagana 16.-17. mars 2000 voru tekin viðtöl við flesta fastráðna kennara (3-5 í hópi), skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra/námsráðgjafa, 15 nemendur af 1. og 2. ári og 8 nemendur af 3. og 4. ári og skólanefnd.

Þann 28. apríl voru tekin einstaklingsviðtöl við þá fimm fastráðna kennara sem átti eftir að ræða við, húsvörð, matráðskonu, gjaldkera skólans, ritara og skólabókavörð og þrjú nemendur úr grenndarbyggðum, búsetta á heimavist skólans. Loks var tekið viðtal við nokkra fulltrúa Hollvinafélags Menntaskólans.

## 2. Spurningalisti

Þann 6. apríl var lagður nafnlaus spurningalisti fyrir alla nemendur skólans. Af 259 nemendum svöruðu 185 eða um 70%. Spurningalistinn var lagður fyrir af kennurum í samræmi við skrifleg fyrirmæli skýrsluhöfunda og í umsjá skólameistara. Svörin voru send höfundum að fyrirlögn lokinni.

## 3. Vettvangsathuganir

Farið var í tvær heimsóknir í Menntaskólann á Ísafirði, þá fyrri um miðjan mars og hina síðari í lok apríl. Í þessum heimsóknnum var skólahúsnæði, ásamt heimavist skoðað og farið á vettvang nýrrar félagsmiðstöðvar ungmenna í gamla apótekinu. Í þessum ferðum voru tekin viðtöl og leitast við að kynna sér aðstæður nemenda og starfsfólks.

## 4. Skráð gögn um starfið

Margvísleg gögn um skólastarfið voru skoðuð, svo sem handbók skólans *Leiðarljós*, stundatöflur, skýrslur um skólahald samkvæmt skólasamningi fyrir árin 1998 og 1999, skýrslur skólans um þróunarverkefni, fjölda innritaðra nemenda á brautum, yfirlit um námsgengi, skólasókn og brottfall nemenda, fundargerðir skólanefndar og samningur skólans við ráðuneytið varðandi rekstur skólans. Þá var heimasíða skólans mikilvæg við upplýsingaöflun.

## Menntaskólinn á Ísafirði

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970 og voru fyrstu stúdentarnir útskrifaðir frá skólanum árið 1974. Árið 1987 var Iðnskólinn settur undir sömu stjórn og Menntaskólinn og Húsmæðraskólinn Ósk þrem árum síðar. Eftir sameiningu þessara þriggja skóla fékk stofnunin nafnið Framhaldsskóli Vestfjarða. Því nafni hélt skólinn þar til í byrjun árs 2000 þegar nafni skólans var breytt í Menntaskólann á Ísafirði. Nafnbreytingin hafði þá verið til umræðu um hríð og m.a. verið studd undirskriftalista til skólanefndar frá um 150 nemendum og kennurum.

### Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Menntaskólans á Ísafirði er rúmgott og bjart. Á þetta jafnt við um vinnuástöðu nemenda og starfsmanna.

Aðalbygging skólans, bóknámshúsið, var tekin í notkun árið 1984. Húsið er á tveim hæðum með 16 kennslustofum. Í húsinu er tvær tölvustofa með 24 tölvum af gerðinni Hyundai og eru þær nettengdar. Á neðri hæð hússins er 250 manna samkomusalur sem notaður er við sérstakar athafnir á vegum skólans og í félagslífi nemenda svo sem á árvissri Sólrisuhátíð nemenda. Árið 1999 var tekinn í notkun glæsilegur fyrirlestrasalur í aðalbyggingu skólans.

Í aðalbyggingu eru skrifstofur skólameistara og aðstoðarskólameistara, kennarastofa og hluti af vinnuástöðu kennara. Allt er þetta húsnæði rúmgott og sérstaka athygli vekur hversu vel er búið að kennurum um vinnuástöðu.

Bókasafn er í miðrymi bóknámshúss á efri hæð. Húsnæðið er afar rúmgott og er aðstaða fyrir 22 nemendur á svonefndum lestrarsvölum. (Sjá nánar í kaflanum Stoðþjónusta).

Á heildina litið er skólinn vel búinn kennslutækjum, en þó komu fram ábendingar frá bæði nemendum og kennurum um bágan tækjabúnað til verklegar kennslu í raungreinum og nauðsyn þess að endurnýja tölvubúnað skólans. Alls eru nemendatölvur skólanum eru 24 og nýverið hefur verið gerður samningur við SKÝRR um umsjón með tölvukerfi skólans.

Verkmenntahús var tekið í notkun árið 1995 og stendur það á lóð skólans. Þar fer fram kennsla í vélstjórn og málmíðngreinum. Á jarðhæð eru tvær verkmenntastofur og á efri hæð er kennslustofa fyrir bóklegar greinar og vinnuherbergi kennara. Allt er þetta húsnæði afar rúmgott og vinnuástaða kennara á við það besta sem gerist í skólum. Athygli vekur hversu vel er gengið um húsið sem er framúrskarandi hreint og snyrtilegt. Á jarðhæð heimavistar fer fram kennsla í rafiðngreinum og kennsla í matartækninámi fer fram í mötuneyti heimavistar.

Veglegt íþróttahús í eigu bæjarins stendur við hlið skólans og var það tekið í notkun árið 1993. Leigir skólinn húsið til nota fyrir íþróttakennslu.

Heimavist er áföst bóknámshúsinu og rúmar hún 40 manns í eins manns herbergjum. Síðustu árin hefur heimavistin verið mjög vannýtt og hefur nú um sinn verið leitað

leiða til þess að nýta hana með einhverjum hætti og skapa skólanum tekjur móti þeim kostnaði sem af heimavistinni hlýst.

- Heimavistin skapar orðið rekstrarlegt vandamál. Nauðsynlegt er að finna lausn varðandi nýtingu hennar og þurfa fulltrúar skóla, skólameistarar, foreldra og sveitarfélags að vinna saman að lausn málsins.
- Gera þarf skrá yfir nauðsynlegan tækjabúnað til verklegrar kennslu í raungreinum og setja kaup á þeim í forgang.

## Stjórnun og skipulag

### Skipulag skólastarfs

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautaskóli með bundnu áfangakerfi og er skólaárið tvær annir. Boðin er kennsla til stúdentsprófs á 5 brautum og mislangt nám á 6 brautum verklegs náms auk bóklegra og faglegra áfanga í ýmsum iðngreinum. Stofnað var til náms í tréiðngreinum haustið 1999 og er það staðsett í Bolungarvík.

Við skólann er fornámsdeild og frá árinu 1997 hefur verið starfrækt við skólann atvinnulífsbraut (starfsbraut) fyrir þroskahefta nemendur. Á Patreksfirði er útibú frá skólanum, öldungadeild er við skólann og í tengslum við Framhaldsskólann hefur verið haldið úti umfangsmiklu námskeiðahaldi. Þá hefur fjarnám í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri fengið aðstöðu í skólanum.

Samkvæmt lögum fer menntamálaráðuneytið með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar fimm manna skólameistarar sem er m.a. ætlað að marka áherslur í starfi skólans og gera árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hann. Skólaráð sem skipað er skólameistarar, aðstoðarskólameistarar, áfangastjóra og fulltrúum kennara og nemenda er skólameistarar til ráðgjafar. Vegna smæðar skólans gegna flestir fastir kennarar skólans hlutverki umsjónarkennara og deildarstjórastarfi í einni eða fleiri greinum.

Lögum samkvæmt eru haldnir kennarafundir ársfjórðungslega en auk þeirra eru haldnir óformlegir kennarafundir tvisvar til þrisvar í mánuði. Almennt er fólk ánægt með þá fundi, telur þá skapa vettvang til skoðanaskipta, en ýmsir benda á að rita þyrfti fundargerð og fylgja betur eftir þeim hugmyndum og tillögum sem þar koma fram.

### Stjórnendur

Við Menntaskólann á Ísafirði skipa þrjú aðilar æðstu stjórnunarstöður. Hér er um að ræða skólameistarar, aðstoðarskólameistarar og áfangastjóra sem jafnframt gegnir starfi námsráðgjafa. Um hlutverk og verkaskiptingu vísast hér til laga um framhaldsskóla (1996, nr. 80, 11. júní), *Leiðarljóss*, handbókar nemenda og kennara fyrir árið 1998 og endurskoðaðs skipurits fyrir skólann, sem skýrsluhöfundar fengu afhent í síðari ferð sinni.

Auk þess að sinna þeim verkefnum sem þar eru upp talin kenna bæði skólameistari og aðstoðarskólameistari og er sá síðarnefndi með fulla kennslu jafnhliða stjórnunarstarfi.

Í viðtölum við yfirstjórn kom fram að mikið vinnuálag er á þeim öllum. Einnig kom fram að þrátt fyrir ætlaða verkaskiptingu þeirra á milli þá eru skilin oft óljós. Ekki er ævinlega ljóst hver ber ábyrgð á verkaföngum og verkstjórn. Á þetta þátt í því að stuðning og eftirfylgni vantar við verkefni sem ýtt er úr vör og fyrir vikið er of mikið um að þau renni út í sandinn.

Skólameistari hefur stjórnað skólanum frá 1979 og aðstoðarskólameistari frá 1990. Stjórnunarhættir þeirra eru ólíkir en ekki verður annað séð en samstarf þeirra sé gott. Ljóst er að skólameistari er góður embættismaður sem leggur sig fram um að málefni skólans séu í góðu horfi. Hann kennir nokkra tíma á viku og telur það mikilvægt til þess að halda tengslum við nemendur. Í svörum nemenda og sumra starfsmanna kemur hins vegar glögggt fram að þeim finnst skólameistari fjarlægur og í litlum tengslum við nemendur.

Kennarar telja sig hafa frjálsar hendur um eigin kennslu en finnst sumum nokkuð vanta á að þeir séu hafðir með í ráðum varðandi ákvarðanir sem varða skólastarfið í heild svo sem gerð fjárhagsáætlunar. Einnig benda bæði kennarar og aðrir starfsmenn á að streymi upplýsinga um skólann sé ekki nógu skilvirkt.

Kennarar og fulltrúar foreldra eru langflestir velviljaðir í garð skólameistara en finnst vanta kraft og sveigjanleika í stjórnunina. Kraft til þess að knýja starfið áfram og sveigjanleika til þess að taka undir tillögur um námsframboð og nýmæli í skólastarfinu. Einnig finnst mörgum sem nokkuð vanti á að málum sé fylgt eftir, bæði ákvörðunum sem teknar eru og verkefnum sem þegar eru farin af stað.

Niðurstöður benda til að aðstoðarskólastjóri sé góður kennari og laginn við að liðsinna nemendum og veita þeim ráðgjöf. Áhrifa hans sem stjórnanda virðist gæta takmarkað og kann ein skýringin að vera sú hversu mikið hann kennir.

Áfangastjóri/námsráðgjafi er þriðji stjórnandinn í yfirstjórn Menntaskólans á Ísafirði. Í viðtali við hann kemur ítrekað fram að áfangastjórnin taki sífellt meira rými á kostnað námsráðgjafar. Upplýsingar frá nemendum benda til að sú námsráðgjöf sem skólinn veitir nýtist þeim illa. Hér er um hálf stöðugildi að ræða og mikilvægt að það nýtist skólanum og nemendum hans með öðrum og betri hætti en nú er.

- Nauðsynlegt er að léttu kennslu af aðstoðarskólameistara og gera honum þannig kleift að leggja rækt við stjórnunarþáttinn, m.a. er lýtur að stefnumótun og forystu í umræðu um sérstöðu skólans.
- Lagt er til að sá hluti starfs áfangastjóra sem lýtur að námsráðgjöf verði færður til, en núverandi áfangastjóri taki að sér önnur verkefni í stjórn skólans, t.a.m. umsjón og eftirlit með mætingum nemenda.
- Ráðinn verði námsráðgjafi í hálfu starfi, jafnframt því verði hlutverk umsjónarkennara eflt innan skólans eins og nú er stefnt að.



- Fara þarf yfir þær leiðir sem upplýsingum er ætlað að fara og þær gerðar skilvirkari.

## Skólanefnd

Lögum samkvæmt fer skólanefnd með veigamikil hlutverk bæði varðandi stefnumörkun til lengri tíma og árlegar fjárhagsáætlanir.

Skólanefnd MÍ hittist að jafnaði 8-9 sinnum á ári. Í viðtali við skólanefnd kom fram að hún hefur fyrst og fremst einbeitt sér að fjármálum skólans enda hamli knappur fjárhagur uppbyggingu skólans. Fram kom að formaður nefndarinnar og skólameistari hafa unnið vel saman, en svo virðist sem áhrifa annarra í nefndinni gæti minna, m.a. vegna þess að starfshættir innan hennar eru ekki nógu lýðræðislegir.

Af fundargerðum er ljóst að mörg mikilvæg málefni hafa verið rædd á fundum skólanefndar og hefur hún leitast við að ná samstarfi við sem flesta hagsmunaaðila skólans. Meðal brýnna málaflokka sem oft hafa komið til umræðu er ímynd skólans og kynning hans. Svo virðist sem herslumuninn vanti enn á að skólanefnd og fulltrúar skólans nái saman um hvernig best verði staðið að þessu verkefni.

## Nám og kennsla

Ekki var fylgst með kennslu í Menntaskólanum á Ísafirði. Við mat á henni er því byggt á viðhorfum nemenda eins og þau birtast í viðtölum og spurningalistum, viðtölum við starfsfólk skólans og skoðun skráðra gagna.

Áfangalýsingar eru áþekkar því sem gerist í öðrum framhaldsskólum og flestir kennarar birta greinargóðar kennsluáætlanir á vef skólans. Þá er brautalýsingar að finna bæði í *Leiðarljósi* (síðast útgefið 1998) og á vef skólans, en hann gefur fjölbreyttar upplýsingar um skólustarfið.

Eins og áður er getið eru 14 fastráðnir kennarar við skólann. Meðalstarfsaldur þeirra er um 20 ár. Meðalaldur kennara sl. skólaár er á bilinu 40-50 ár.

Kennarar skólans eru sammála um að kennarahópur MÍ búi yfir mikilli faglegrri þekkingu og reynslu. Um leið undirstrika þeir að hið mikla vinnuálag dragi kraft úr fólki og bitni á gæðum vinnunnar.

Nemendur á vorönn voru 259.

Bóknámsnemendum á 1. ári er raðað eftir getu þannig að þeir sem hafa einkunnina 6,5 og yfir í íslensku og stærðfræði fara í 1.X en hinir í 1.Z. Nemendur í Z-bekknunum eru ekki sterkir námsmenn og þurfa mikinn stuðning, sumir fara í fornám í stærðfræði.

Þegar nemendur voru spurðir um kennsluna í MÍ kvað rúmlega helmingur nemenda hana vera góða, en hinn helmingurinn taldi hana sæmilega eða slaka.

Meðal atriða sem kennarar skólans kvarta mjög undan er að nemendur sinni heimanámi sínu lítið. Þegar nemendur voru spurðir um eftirlit með heimanámi kvað

mikill meirihluti þeirra, eða 70%, það vera lítið. Mikils ósamræmis gæti því í ummælum kennara og nemenda varðandi þennan mikilvæga þátt í náminu.

Viðhorf nemenda til kennara og kennslu í MÍ hefur verið athugað þrisvar á síðustu árum og liggja niðurstöður þeirra fyrir. Í könnun skýrsluhöfunda var leitast við að spyrja um atriði sem ekki voru í fyrri könnunum. Fyrir vikið er samanburður milli kannana skólans og þeirrar sem hér er fjallað um ekki að öllu leyti raunhæfur.

- Vinna þarf markvisst að því að bæta árangur nemenda. Gera mætti sérstakt átak í ákveðnum námsgreinum til nokkurra ára og meta starfið jafnóðum þannig að hægt sé að bregðast við veikleikum um leið og þeirra verður vart.
- Koma þarf fastari skipan á heimanám og eftirlit með því.

### **Námsárangur**

Skýrsluhöfundar skoðuðu yfirlit yfir námsárangur í nokkrum greinum á síðasta áratug. Á þessum tíma koma fram miklar sveiflur á námsárangri nemenda og á það jafnt við milli greina sem innan greinar.

Margir samverkandi þættir hafa áhrif á námsgengi nemenda í framhaldsskólum svo sem árangur þeirra á samræmdum prófum, kennsluhættir, ástundun og vinna með skóla.

Hér verður ekki gerð tilraun til þess að leggja mat á þær margháttaðu aðstæður sem draga úr jákvæðri stígandi í námsárangri nemenda við MÍ enda er það utan umfangs þessarar úttektar.

Eigi að síður má leiða að því líkur að takmarkað framboð af réttindakennurum, of hátt hlutfall stundakennara og tíð kennaraskipti séu meðal ráðandi þátta í þessu efni.

## Viðhorf nemenda

### Samskipti

Meirihluti nemenda telur samskipti sín við kennara góð eða mjög góð og langflestir gefa samskiptum nemenda sama vitnisburð. Nemendur eru síst ánægðir með samskipti sín við yfirstjórn skólans sem þeir telja góð í aðeins um þriðjungi tilvika. Þetta er ennfremur undirstrikað í svörum nemenda við opnum spurningum þar sem þeir benda meðal annars á mikilvægi þess að fá nýjar hugmyndir inn í skólann með nýjum stjórnendum.

### Það besta og það versta

Þegar nemendur voru beðnir að tilgreina hvað þeim fyndist best við skólann nefndu flestir að skólinn væri lítill og heimilislegur, að félagslífið væri fjölbreytt og að stutt væri í skólann. Það versta töldu þeir vera lítið námsframboð.

### Vinna nemenda

Aðspurðir um vinnu með skóla kváðust 127 nemendur af þeim 185 sem svöruðu stunda vinnu með skólanum. Þar af vinna liðlega 40 meira en 15 klst. á viku. Þetta staðfestir ummæli nemenda í viðtölum þótt ævinlega fylgdi sögunni að vinnan hefði á engan hátt slæm áhrif á námið. Þarna greinir nemendur verulega á við kennara sína sem voru einróma sammála um að vinnuálag á nemendur væri langt umfram það sem eðlilegt gæti talist með fullu námi. Gengu sumir svo langt að fullyrða að vegna svefnleysis og þreytu nýttust aðeins 3-4 tímar um miðbik dags sumum nemendum til náms.

### Skólareglur

Nánast allir nemendur skólans telja skólareglurnar réttlátar. Helst kvarta nemendur undan því að yfirstjórnin fylgi ekki eftir reykingabanni, einkum fyrir framan anddyri skólans. Þetta atriði kom einnig ítrekað fram í viðtölum við nemendur.

### Félagslíf nemenda

Við Menntaskólann á Ísafirði er nemendafélag sem lýtur fimm manna stjórn og hefur hún umsjón með félagslífi nemenda. Nemendafélagið kynnir starf sitt meðal annars á vefsíðu skólans og lýsir þar félagslífinu sem gróskumiklu og nefnir sérstaklega Sólrishátíð skólans sem haldin er á hverju vori. Sólrishátíðin er orðin allþekkt meðal þjóðarinnar enda hefur dagskrá hennar oft náð til fjölmiðla landsins og fengið þar góða kynningu.

Ekki leikur vafi á að Sólrishátíðin er metnaðarfullt verkefni og mikil lyftistöng fyrir skólustarfið og þeir nemendur sem að henni koma hafa af því gagn og gaman. Meiri vafi leikur á því hvort hún gefi rétta mynd af félagslífi skólans þegar á heildina er litið.

Í spurningakönnun kom t.d. fram að nemendur eru afar skiptir í afstöðu sinni til félagslífs við skólann og telur tæplega helmingur þeirra að félagslífið sé mjög gott og hinn helmingurinn telur það sæmilegt eða lélegt. Þessi afstaða endurspeglar það sem fram kom í viðtölum við nemendur. Þótt allir virtust sáttir við Sólrishátíðina, þá töldu margir þeirra að félagslífið væri ekki öflugt. Ástæðuna töldu þeir bæði vera þá að nemendur sjálfir sinnu ekki félagslífinu sem skyldi en einnig vegna þess að stuðning vantaði frá skólanum. Í þessu sambandi nefndu þeir sérstaklega að embætti félagsmálafulltrúa sem skólinn efndi til hefði algerlega brugðist.

### **Viðhorf til námsins**

Ríflega helmingur nemenda álitur námið í MÍ vera gagnlegt. Meirihluti nemenda kveður námskröfur vera mátulegar, en fjórðungur telur þær litlar eða mjög litlar. Námsmat finnst langflestum fremur sanngjarnt eða mjög sanngjarnt og samræmi milli yfirferðar námsefnis og prófa þykir mikið að dómi flestra.

## **Samskipti**

### **Skólaandi, samstarf og samskipti starfsmanna skólans**

Skólaandi í MÍ er góður. Nemendum finnst vænt um skólann sinn og eru stoltir af honum. Vegna smæðar skólans eru nemendur fljótir að ná saman og samband kennara og nemenda er náð. Í viðtölum við nemendur og aðra starfsmenn kom í ljós að góð samskipti þeirra eru þeim mikils virði. Kennarar telja samstarf sitt gott og andrúmsloftið í starfsmannahópnum einnig. Smæð skólans skapar mikla nánd og fólki virðist takast að nýta kosti hennar og forðast ókostina.

### **Samstarf við aðra skóla á sama skólastigi og á neðra og efra skólastigi**

Grunndeild rafiðna hefur sniðið námið eftir sams konar námi í Iðnskólanum í Reykjavík og er í óformlegu samstarfi við hann. Bókavörður er í samstarfi við bókaverði í öðrum framhaldsskólum í landinu (sjá nánar kaflann um Stoðþjónustu). Þá hefur MÍ um árabil verið í samstarfi við skóla í Evrópu um Comeniusarverkefni m.a. á sviði umhverfis- og menningarmála. Nemendur 10. bekkjar grunnskólans koma í heimsókn í skólann á vorönn. Þá má geta þess að í sjálfsmati sínu hefur skólinn stuðst við gögn frá Kvennaskólanum í Reykjavík.

### **Samskipti við aðila utan skólasamfélagsins (foreldra, atvinnulíf, Hollvætti)**

Foreldrar 1. árs nema koma í heimsókn í skólann og skoða skólann í byrjun skólaárs. Foreldrar koma á opna daga í verknáminu og á Sólrisu, menningarhátíð nemenda. Að mati kennara sýna foreldrar skólanum að öðru leyti lítinn áhuga. Smæð samfélagsins gerir það að verkum að foreldrar og kennarar geta haft samband á fönnum vegi og það kann að draga úr vægi formlegri samskipta. Sumir kennarar hafa samband við foreldra þegar þörf krefur. Nemendur fara út í atvinnulífið á meðan á Sólrisu stendur. Einnig koma einstök fyrirtæki með sýnishorn af starfsemi sinni í skólann. Fulltrúum fyrirtækja sem styrkja skólann er boðið að koma á opna daga og Sólrisu. Að öðru leyti eru formleg tengsl við atvinnulífið fremur lítil. Hollvinasamtök FVÍ/MÍ voru stofnuð fyrir rúmu ári síðan. Þeim er ætlað að vera skólanum og nemendum hans stoð og stytta við ákveðin verkefni (sjá nánar kaflann Stoðþjónusta).

# Stoðþjónusta

## Bókasafn

Bókasafn skólans er í rúmgóðu húsnæði með lesaðstöðu fyrir 30 manns, en aðstaða til kennslu er ekki fyrir hendi. Skráningarkerfið Mikromarc var tekið í notkun 1996, en lítið af eldra safnkosti er skráður í það enn sem komið er, en hann er að sjálfsögðu aðgengilegur í spjaldskrá. Efnisorðaskrá er að mestu tilbúin.

Safnið telur 8000 titla, bækur, tímarit og myndbönd, en margmiðlunarefni er enn ekki aðgengilegt, því nettengingu vantar. Gott safn eldri skáldsagna og þjóðlegs fróðleiks fékk safnið að gjöf fyrir stuttu (safn Eyjólfis Árnasonar og Guðrúnar Guðvarðardóttur). Um nokkurt skeið hefur verið stefnt að samtengingu safna á norðanverðum Vestfjörðum, en af henni hefur enn ekki orðið og hamlar það aðgengi að margmiðlunarefni. Engin nemendatölva er á safninu.

Bókavörður situr alla kennarafundi og hefur gott samband við kennara. Hann hefur góð tengsl við aðra framhaldsskólasafnverði og fylgist þannig með því sem er efst á baugi á sviðinu. Hann tekur þátt í samvinnu þessara aðila um norrænu bókasafnavikuna. Bókavörður starfar ein á safninu, en nemendur leysa af til kl. 17.00 á daginn. Það er þó vandkvæðum bundið vegna vinnu nemenda annars staðar. Á bókasafninu er nemendum úthlutað lestímum sem skráðir eru í stundatöflu þeirra. Þessir tímar hafa tíðkast sl. 5-7 ár.

- Ekki er gert ráð fyrir að gerð sé sérstök fjárhagsáætlun fyrir safnið og þetta hamlar áætlanagerð til lengri tíma.
- Aðeins einn starfsmaður starfar á bókasafninu og er hann háður aðstoð nemenda sem ekki er alltaf á að treysta. Úr þessu þarf að bæta með föstum starfsmanni.
- Brýnt er að koma á nettengingu fyrir safnið.

## Námsráðgjöf

Námsráðgjafi í hálfu starfi er við skólann og gegnir hann einnig starfi áfangastjóra. Nemendur geta leitað til hans á skrifstofutíma eða pantað tíma hjá ritara skólans. Hann hefur með höndum alla hefðbundna þætti í starfi námsráðgjafa, s.s. ráðgjöf varðandi námið í skólanum, framhaldsnám og persónulega ráðgjöf.

## Endurmenntun starfsmanna

Kennarar hafa að eigin mati tæpast efni á að sækja endurmenntun utan heimabyggðar. Skólinn hefur ekki sérstaka endurmenntunarstefnu, en hefur boðið kennurum námskeið á ýmsum sviðum, s.s. um aga og bekkjarstjórnun, mat á skólastarfi og námskeið í vefsíðugerð sem haldið var á haustönn (sjá nánar kaflann Nýbreytni og þróunarstarf). Námsráðgjafi er í námi í námskrárgerð í HÍ. Einn kennari fer í launað orlof næsta skólaár.

## Námsaðstoð

Í stundatöflu nemenda er gert ráð fyrir lestínum á bókasafni. Þar er rúm fyrir 30 nemendur og njóta þeir aðstoðar bókavardar. Um aðra aðstoð í lestínum er ekki að ræða né heldur aðra námsaðstoð á vegum skólans.

Komið hefur í ljós að erfitt er að skipuleggja lestíma fyrir þá nemendur sem fylgja ekki eðlilegu námsferli og verknámsnemendur sem vegna mikillar tímasóknar í verknámi hafa ekki tíma aflögu fyrir lestíma á safninu. Þessir tímar gilda ekki til eininga og hefur það einnig letjandi áhrif á nýtingu tímanna.

- Gera þarf ráðstafanir til þess að tryggja að skipulag skólstarfsins hamli ekki nýtingu nemenda á lestínum.

## Hollvinasamtök Menntaskólans á Ísafirði

Þann 15. maí 1999 stofnuðu 43 foreldrar Hollvinasamtök Framhaldsskólans á Ísafirði/Menntaskólans á Ísafirði. Í stjórn félagsins sitja tólf fulltrúar af öllu Vestfjarðasvæðinu. Aðdragandinn var sá að fulltrúar úr Foreldrafélagi grunnskólans höfðu áhuga á því að starfa áfram með unglingum og vildu styðja þá í menntaskólanum.

Frá stofnun félagsins hefur það látið mikið að sér kveða og að frumkvæði þess var í vor opnað vímuefnalaust kaffihús og menningarmiðstöð fyrir ungmenni á aldrinum 16-20 ára í hinu gamla apóteki staðarins og ráðinn umsjónarmaður með starfinu. Þetta er metnaðarfullt verkefni sem framkvæmt er í samvinnu við ýmsa aðila svo sem Rauða kross Íslands. Skýrsluhöfundar áttu þess kost að sækja staðinn heim og sýndist sem ungu fólki á Ísafirði væri þarna búin ákjósanleg aðstaða til samvista og menningarlífs utan skólatíma.

Í viðtali við fulltrúa félagsins kom fram að ætlunin er að það einbeiti sér að ákveðnu verkefni á hverju skólaári. Samskipti skólayfirvalda og samtakanna eru minni en þau síðarnefndu hefðu óskað sér og finnst þeim skólayfirvöld sýna starfinu nokkurt tómlæti. Skólayfirvöld eru jákvæð í garð Hollvætta og virðast vænta mikils af starfi þeirra. Forvarnafulltrúi skólans telur mikinn stuðning af starfi Hollvætta varðandi vímuvarnir.

- Yfirstjórn MÍ, skólanefnd og Hollvinasamtökin þurfa að ná saman um stefnumótun, ímyndarsköpun fyrir skólann og samstarf heimila og skóla.

## Nýbreytni og þróunarstarf

Á síðustu árum hefur verið unnið að nýbreytni og þróunarverkefnum í MÍ, svo sem sjálfsmati og verkefnum í kjölfar þess, skólanámskráargerð og vefsíðugerð.

## Skólanámskrá

Starfsmenn skólans hafa unnið að skólanámskrárgerð undir stjórn áfangastjóra/námsráðgjafa sem stundar nú nám í námskrárgerð. Fimm manna námskrárnefnd er einnig starfandi. Verkefninu var skipt niður í rúmlega 20 þætti í byrjun ársins og 1-2 starfsmenn gerðir ábyrgir fyrir hverjum þætti. Á vinnudegi kennara í lok febrúar unnu kennarar að því að greina veikar og sterkar hliðar í skólastarfinu og mátti sjá þær á veggjum kennarastofu í ferðum skýrsluhöfunda í mars og apríl sl.

Í viðtölum við kennara kom fram að vinnan við skólanámskrá hafi skapað vettvang til faglegrar umræðu. Þeir voru sammála um að vinnulota á starfsdegi hefði verið gagnleg en að öðru leyti væri vinna við námskrárgerðina skammt á veg komin. Þeim var ekki kunnugt um að fyrir lægi skipulag og tímaáætlun um áframhald vinnunnar og töldu að þrátt fyrir að framangreint verklag hefði verið ákveðið, hefði lítil sem engin vinna farið fram. Í nýjum gögnum kemur fram að í síðustu viku í maí var unnið í þrjá daga að skólanámskrá, einkum þeim þáttum er snerta almennu brautina og markmið hennar, starfsbrautina og útgáfu *Leiðarljóss*.

## Vefsíðugerð

Á haustönn 1999 var haldið 40 stunda námskeið í notkun tölvupósts og vefsíðugerð fyrir kennara og má sjá árangur þess á vef skólans þar sem kennarar eru komnir með eigin heimasíður. Framhald er fyrirhugað á næsta skólaári.

## Sjálfsmat

Á árunum 1997-2000 hefur Menntaskólinn á Ísafirði samkvæmt samningi við mats- og eftirlitsdeild menntamálaráðuneytis unnið að sjálfsmati. Markmiðið með sjálfsmatinu var að „þróa leiðir til að meta og bæta skólastarfið“. Á skólaárunum 1997-99 voru gerðar þrjár viðhorfakannanir meðal nemenda. Í þeim könnunum var fyrst og fremst spurt um kennsluhætti og kennslugreinar og viðhorf til skipulags. Skólaárið 1999-2000 var unnið þróunarverkefnið *Brottfall nemenda* í þeim tilgangi að sporna gegn brottfalli nemenda í bóknámi sem hefur verið vandamál í skólanum (sjá nánar í kaflanum Brottfall).

Í tengslum við sjálfsmatið voru haldin tvö námskeið fyrir kennara, annað um aga og bekkjarstjórnun og hitt um mat á skólastarfi. Fyrirhuguð er könnun á viðhorfum starfsmanna. Samningurinn rennur út í júní 2000 og hefur ekki verið rætt um endurnýjun á honum, en fyrirhugað er að áfram verði gerðar kannanir á viðhorfum nemenda.

Meirihluti nemenda og kennara kveðst ánægður með sjálfsmatið og voru þeir sammála um að í mörgum tilfellum hefði kennslan batnað vegna ábendinga frá nemendum. Af framansögðu er einnig ljóst að leitast hefur verið við að nýta niðurstöður sjálfsmatsins til umbóta í samræmi við samning þar um.

Ýmis fleiri nýmæli hafa verið í skólastarfinu, svo sem ráðning forvarnafulltrúa úr

hópi bæði kennara og nemenda, atvinnulífsbraut fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika, sem hóf starfsemi sína árið 1997, dansnámskeið og jafningjafræðsla. Loks má nefna Comeniusarsamstarf sem áður er getið (sjá kaflann Samskipti).

- Undanfarið hefur verið sýnd umtalsverð viðleitni til þess að sinna þróunarstarfi. Veikasti hlekkurinn í því starfi er óljós verkaskipting og verkstjórn auk skorts á eftirfylgni til þess að tryggja framvindu og forða verkefnum frá að renna út í sandinn. Á þessu þarf að taka.

## Brottfall

Brottfall í Menntaskólanum á Ísafirði hefur verið áhyggjuefni um árabíl. Í ágúst 1999 var undirritaður nýr samningur á milli menntamálaráðuneytisins og Framhaldsskóla Vestfjarða um þróunarverkefnið *Brottfall nemenda* sem er framhald verkefnisins *Úttekt á skólasterfi*. Lokið er athugun á brottfalli í bóknámshópum sem innrituðust á haustannirnar 1996 og 1997.

Haustið 1996 innrituðust 48 nemendur í 1. bekk bóknáms, af þeim útskrifuðust 17 vorið 2000 og einn mun útskrifast í haust. Ef athuguð eru afdrif hópsins, þá útskrifuðust nú 11 af 24 nemendum í 1.X og 4 af 24 nemendum í 1. Z 1996-1997.

Fimmtíu nemendur innrituðust í ÍSL 103 haustið 1997 og þrjátíu og sex þeirra eru enn í námi, 14 nemendur hafa hætt. Talið er að minna brottfall megi rekja til aukinnar umræðu innan skólans um nemendur og námsörðugleika og innra mat skólans. Einnig er talið að nemendur skólans komi betur undirbúnir úr grunnskólanum. Að mati kennara, nemenda og fólks utan skólans, er síðasta atriðið ein aðalástæðan fyrir betra námsgengi síðustu ár.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að helsta ástæða þess að nemendur hættu námi við MÍ er brottflutningur af Vestfjörðum. Brottflytningur af svæðinu er vandamál sem MÍ einn getur ekki leyst. Málið er í eins konar vítahring, brottflutningur orsakar brottfall sem hefur áhrif á nemendafjölda sem aftur veldur minna námsframboði, sem ella gæti haldið í einhvern hóp nemenda. Í svörum nemenda á 3. og 4. ári í könnun skýrsluhöfunda í apríl sl. kom fram að meginástæður fyrir brottfalli væru takmarkað námsframboð, kennslan í skólanum og staðsetning hans í dreifbýli. Þyngra vó þó að þeirra mati lélegur undirbúningur nemenda við upphaf náms og lítil námsgeta þeirra. Þá töldu nokkrir að áhugaleysi, fjárskortur og barneignir væru ástæður fyrir brottfalli frá námi. Það er í samræmi við niðurstöður könnunar heimamanna.

Verkefninu *Brottfall nemenda* lýkur í ár. Unnið er að því að skrá afdrif allra þeirra 798 nemenda er luku námi frá MÍ/FVÍ 1974-1999.

- Í gangi er áætlun um að efla umsjónarkennarakerfi skólans. Öflugt umsjónarkennarakerfi er liður í því að sporna við brottfalli.
- Barneignir nemenda eru nú til umræðu á landsvísu og má ætla að Vestfirðingar njóti góðs af þeirri umræðu, en rætt er um að koma verði upp



öflugu forvarnastarfi í landinu, þar sem að ljóst sé að fræðslan ein dugar skammt sem getnaðarvörn. En þá sem voru of seinir að byrgja brunninn mætti aðstoða við að stunda nám utan skóla eða í öldungadeild með því að fella niður skólagjöld.

- Vinna nemenda er vandamál sem birtist með ýmsum hætti og á sinn þátt í brottfallinu. Í viðtölum við kennara og aðra starfsmenn kom fram að sumir foreldrar virðast ekki gera sér grein fyrir framfærsluskyldu sinni og keyrir þá vinnu nemenda úr hófi fram og heldur þeim frá námi.

## Samantekt, sterkar og veikar hliðar

### Sterkar hliðar

- Góður andi ríkir í Menntaskólanum á Ísafirði. Þetta á bæði við meðal starfsmanna og í hópi nemenda sem eru velviljaðir í garð síns skóla og sýna honum hollustu.
- Margir góðir kennarar og metnaðarfullir starfa við skólann.
- Vinnuástandan, jafnt nemenda sem kennara, er á við það besta sem skýrsluhöfundar hafa kynnst.
- Góð umgengni og snyrtimennska í hvívetna vekur athygli þegar farið er um húsakynni skólans.
- Sterk vitund er í samfélaginu um mikilvægi menntunar og þess að hlúa að skólanum. Hollvinafélagið er góð vísbending um þetta.
- Sólríshátíðin, menningarhátíð og hápunktur félagslífs nemenda skapar vettvang þar sem allir hagsmunadilar skólans mætast og njóta afraksturs metnaðarfulls framlags nemenda

### Veikar hliðar

- Of mikið vinnuálag er á kennurum. Þetta kemur niður á gæðum, hamlar símenntun þeirra og flýtir fyrir ótímabærri kulnun í starfi.
- Hlutfall stundakennara við skólann er allt of hátt til þess að hægt sé með góðu móti að skapa samfellu og öryggi í starfsháttum.
- Nokkur þreyta er komin í yfirstjórn skólans sem dregur úr möguleikum hans til þess að ná sér upp úr vanabundnum farvegi og hefja uppbyggingu skólans af krafti.
- Nemendur sýna takmarkaða ábyrgð á eigin námi og virðist námið jafnvel koma á eftir bæði vinnu og félagslífi í forgangsröð þeirra. Þetta kemur niður á námi þeirra og heildarárangri.

- Heimavistin er skólanum fjárhagsleg byrði, er nú vannýtt og rekin af vanefnum, m.a. án fastrar vistarvörslu og hefur það skapað vandamál á vistinni.

## Tillögur til umbóta

### *Nokkrar forsendur*

Menntamál gegna sífellt mikilvægara hlutverki í nútíma samfélagi. Krafa um góða menntun er nú orðin mikil og nánast án tillits til staðsetningar skóla. Landfræðileg staðsetning skóla ræður eigi að síður miklu um möguleika þeirra til þess að veita slíka þjónustu.

Síðustu árin hafa orðið miklar breytingar á vestfirsku samfélagi. Meðan hafið var hvað gjöfulest og atvinna var næg kusu fleiri að fara út á vinnumarkað en til náms. Mikil fólksfækkun hefur orðið, atvinnuleysi hefur aukist auk þess sem svæðið hefur orðið fyrir endurteknum náttúruhamförum.

Á þessum tíma hefur skilningur vestfirskis almennings á þýðingu menntunar aukist og fulltrúar atvinnulífsins skilja betur en áður að skólinn er samfélaginu mikilvægur. Foreldrar standa nú meir en fyrr að markvissu uppbyggingarstarfi í þágu nemenda. Nýstofnuð Fræðslumiðstöð Vestfjarða er enn ein vísbending um þá áherslu sem lögð er á eflingu menntunar á svæðinu. Samtímis því að fólksfækkun á svæðinu styrkir jákvæðar hugmyndir fólks í garð menntunar, hefur hún neikvæð áhrif á fjölgun nemenda við skólann. Af þessum sökum m.a. er langt í land að jarðvegur og aðstæður til reksturs framhaldsskóla á Ísafirði séu eins og best verður á kosið og ekki verður séð að svo verði í náninni framtíð.

Skólinn hefur nú breytt nafni sínu til fyrra horfs. Af nafnbreytingunni má ráða að ætlunin sé að skerpa ímynd skólans sem bóknámsskóla. Þar eð öflugir bóknámsskólar á framhaldsskólastigi eru nú í flestum landsfjórðungum verður að teljast ólíklegt að slíkar áherslur einar dugi til að laða bóknámshneigða nemendur að skólanum. Vænlegra virðist vera að leggja áherslu á þá kosti sem staðsetning skólans hefur umfram aðra í dreifbýli og námsbrautir sem styrkt geta atvinnulíf á Vestfjörðum og aukið fjölbreytni þess. Tillögurnar sem hér fylgja taka mið af þessu.

### *Tillögur*

- Skerpa þarf sérstöðu skólans á grundvelli staðsetningar hans svo sem nálægðar við haf, búskap og skíðalönd. Þessari sérstöðu þarf að ná fram með almennri þátttöku kennara, t.d. í tengslum við skólanámskrárvinnu ásamt samstarfi við atvinnulíf.
- Leita þarf markvisst eftir samstarfi við aðra framhaldsskóla í því skyni að auka framboð náms gegnum fjarkennslu. Jafnhliða leitist skólinn við að bjóða öðrum framhaldsskólum kennslu á þeim sviðum sem hann telur sig hafa sérstöðu á.

- Gefa þarf sérstakan gaum að því með hvaða hætti væri hægt að nýta tölvusamskipti í meira mæli en nú er gert og vinna þannig gegn faglegri og félagslegri einangrun skólans.
- Nýta þarf þann góða starfsanda sem ríkir í kennarahópnum og þann faglega styrkleika sem margir í þeim hópi búa yfir til þess að efla faglegt starf í skólanum og styrkja stöðu hans út á við.
- Gera þarf átak í því að laða réttindakennara að skólanum og nýta faglega og landfræðilega sérstöðu skólans í því átaki með því að draga fram kosti beggja þátta.
- Efla þarf þverfaglegt samstarf innan skólans bæði til þess að auka gæði kennslunnar og styrkja kennara í starfi sem vegna fámennis veldur því að þeir starfa oft nánast sem einyrkjar í sinni grein.
- Leita þarf eftir nánara samstarfi en nú er við foreldra um skólagöngu barna þeirra. Sérstaka áherslu þarf að leggja á þann vanda sem fylgir mikilli vinnu nemenda með skóla.
- Tryggja þarf að sú endurskoðun á umsjónarmannakerfi sem nú hefur verið ákveðin nái fram að ganga þannig að hægt sé að vinna alhliða fyrirbyggjandi starf í þágu nemenda og styrkja þá og tengslin við heimilin.
- Virkja þarf kennara við undirbúning fjárlagagerðar þannig að innkaup á tækjum og búnaði mæti sem best þörfum brauta og greina.
- Koma þarf á fót námi í verklegum greinum sem ætla má að höfði sérstaklega til stúlkna.
- Byggja þarf ofan á þá reynslu sem fengist hefur með sjálfsmatinu og styðja kennara við að skoða sitt eigið starf með markvissari hætti en nú er.

## Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir mati á starfi Menntaskólans á Ísafirði. Það er von skýrsluhöfunda að matið geti nýst málsaðilum í því skyni að auka gæði þeirrar menntunar sem nemendum skólans stendur til boða. Vel er við hæfi að lokaorðin komi frá nemanda skólans sem hafði reynslu af bæði dreifbýli og þéttbýli:

Er almennt mjög ánægð [...],  
ég mæli frekar með Vestfjörðum.

Fylgiskjal

## *Viðhorfakönnun*

### *Spurningar til nemenda í Menntaskólanum á Ísafirði*

Í þessari könnun eru spurningar um viðhorf þín til skólans. Þú ert beðin(n) að svara þessum spurningum eftir bestu samvisku. Svör þín eru afar mikilvæg, því verið er að meta skólastarfið í því skyni að bæta það.

Í desember sl. auglýsti menntamálaráðuneytið eftir framhaldsskólum sem taka vildu þátt í mati. Menntaskólinn á Ísafirði sótti um og var valinn.

Þessi könnun er liður í því mati sem að beiðni menntamálaráðuneytisins er unnið af Stefaníu Arnórsdóttur, verkefnisstjóra hjá Símenntunarstofnun KHÍ, og Steinunni Helgu Lárusdóttur, lektor við KHÍ.

Þú svarar spurningunum með því að setja **X** við það svar sem þér finnst best eiga við hverju sinni. Í einstaka tilfalli þarftu að skrifa stutt svör. Einnig getur þú skráð annað sem þú vilt koma á framfæri á línurnar á síðustu síðunni.

Nafnið þitt kemur hvergi fram og könnunin er **trúnaðarmál**.

#### *Merktu við það sem við á:*

- ég er piltur
- ég er stúlka
  
- ég er á 1. ári
- ég er á 2. ári
- ég er á 3. ári
- ég er á 4. ári
  
- ég á heima á Ísafirði
- ég á heima annar staðar á Vestfjörðum
- ég á heima utan Vestfjarða

**A. Um viðhorf þitt til námsins og skólans**

<p><b>1. Vekur skólinn áhuga þinn á námi og gildi menntunar:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> mjög mikinn</li><li><input type="checkbox"/> mikinn</li><li><input type="checkbox"/> í meðallagi</li><li><input type="checkbox"/> lítinn</li><li><input type="checkbox"/> mjög lítinn</li></ul>	<p><b>2. Finnst þér námið í MÍ vera:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> mjög gagnlegt</li><li><input type="checkbox"/> fremur gagnlegt</li><li><input type="checkbox"/> í meðallagi gagnlegt</li><li><input type="checkbox"/> fremur gagnslítið</li><li><input type="checkbox"/> mjög gagnslítið</li></ul>
<p><b>3. Er kennslan í skólanum almennt:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> mjög góð</li><li><input type="checkbox"/> fremur góð</li><li><input type="checkbox"/> sæmileg</li><li><input type="checkbox"/> frekar léleg</li><li><input type="checkbox"/> mjög léleg</li></ul>	<p><b>4. Finnst þér námskröfur í MÍ vera:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> mjög miklar</li><li><input type="checkbox"/> miklar</li><li><input type="checkbox"/> mátulegar</li><li><input type="checkbox"/> litlar</li><li><input type="checkbox"/> mjög litlar</li></ul>
<p><b>5. Er heimavinnan:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> of mikil</li><li><input type="checkbox"/> mikil</li><li><input type="checkbox"/> mátuleg</li><li><input type="checkbox"/> lítil</li><li><input type="checkbox"/> of lítil</li></ul>	<p><b>6. Er eftirlit kennara með heimavinnu:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> mjög mikið</li><li><input type="checkbox"/> mikið</li><li><input type="checkbox"/> lítið</li><li><input type="checkbox"/> mjög lítið</li></ul>
<p><b>7. Samræmi milli yfirferðar náms-efnis og prófa er:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> mjög mikið</li><li><input type="checkbox"/> mikið</li><li><input type="checkbox"/> lítið</li><li><input type="checkbox"/> mjög lítið</li></ul>	<p><b>8. Námsmat í skólanum er:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li><input type="checkbox"/> mjög sanngjarnt</li><li><input type="checkbox"/> fremur sanngjarnt</li><li><input type="checkbox"/> fremur óréttlátt</li><li><input type="checkbox"/> mjög óréttlátt</li></ul>

**B. Um viðhorf þitt til samskipta í skólanum**

<p><b>9 Hvernig lýsir þú samskiptum nemenda og skólameistara?</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög góð <input type="checkbox"/> fremur góð <input type="checkbox"/> sæmileg <input type="checkbox"/> fremur slæm <input type="checkbox"/> mjög slæm</p>	<p><b>10. Hvernig lýsir þú samskiptum nemenda og aðstoðarskólameistara?</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög góð <input type="checkbox"/> fremur góð <input type="checkbox"/> sæmileg <input type="checkbox"/> fremur slæm <input type="checkbox"/> mjög slæm</p>
<p><b>11. Hvernig lýsir þú samskiptum nemenda og áfangastjóra/námsráðgjafa?</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög góð <input type="checkbox"/> fremur góð <input type="checkbox"/> sæmileg <input type="checkbox"/> fremur slæm <input type="checkbox"/> mjög slæm</p>	<p><b>12. Hvernig lýsir þú samskiptum nemenda og kennara?</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög góð <input type="checkbox"/> fremur góð <input type="checkbox"/> sæmileg <input type="checkbox"/> fremur slæm <input type="checkbox"/> mjög slæm</p>
<p><b>13. Hvernig lýsir þú samskiptum nemenda innbyrðis?</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög góð <input type="checkbox"/> fremur góð <input type="checkbox"/> sæmileg <input type="checkbox"/> fremur slæm <input type="checkbox"/> mjög slæm</p>	<p><b>14. Hvernig lýsir þú samskiptum nemenda við aðra starfsmenn en kennara og stjórnendur?</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög góð <input type="checkbox"/> fremur góð <input type="checkbox"/> sæmileg <input type="checkbox"/> fremur slæm <input type="checkbox"/> mjög slæm</p>

**C. Um stjórnun og skipulag**

<p><b>15. Hegðun nemenda truflar starfið í kennslustundum:</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög oft  <input type="checkbox"/> oft  <input type="checkbox"/> sjaldan  <input type="checkbox"/> mjög sjaldan</p>	<p><b>16. Stjórn kennara á truflandi hegðun nemenda er:</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög góð  <input type="checkbox"/> góð  <input type="checkbox"/> sæmileg  <input type="checkbox"/> légleg  <input type="checkbox"/> mjög léleg</p>
<p><b>17. Hvert er álit þitt á skólareglunum?</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög sanngjarnar  <input type="checkbox"/> fremur sanngjarnar  <input type="checkbox"/> fremur óréttlátar  <input type="checkbox"/> mjög óréttlátar</p>	<p><b>18. Hvernig er reglum skólans um mætingar fylgt eftir?</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög vel  <input type="checkbox"/> vel  <input type="checkbox"/> sæmilega  <input type="checkbox"/> illa  <input type="checkbox"/> mjög illa</p>
<p><b>19. Félagslífið í skólanum er:</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög gott  <input type="checkbox"/> gott  <input type="checkbox"/> sæmilegt  <input type="checkbox"/> lélegt  <input type="checkbox"/> mjög lélegt</p>	<p><b>20. Áhrif mín á skólastarfið eru:</b></p> <p><input type="checkbox"/> mjög mikil  <input type="checkbox"/> mikil  <input type="checkbox"/> lítil  <input type="checkbox"/> mjög lítil</p>

#### *D. Ýmislegt*

<p><b>21. Vinnur þú með náminu?</b>    <input type="checkbox"/> já    <input type="checkbox"/> nei</p> <p>Ef <b>já</b>, hve mikið?</p> <p><input type="checkbox"/> 5-10 klst. á viku  <input type="checkbox"/> 11-15 klst. á viku  <input type="checkbox"/> &gt; 15 klst. á viku</p>
--

**22. Ætlar þú í framhaldsnám að loknu námi í MÍ?**

- nei
- já

Ef **já**, í hvaða nám?

\_\_\_\_\_

**23. Það besta við skólann er:**

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**24. Það versta við skólann er:**

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**25. Aðeins fyrir nemendur á 1-3. ári:**

**Ætlar þú að vera áfram í MÍ?**

- já
- ef til vill
- nei

Ef **nei**, hvað ætlar þú að gera? \_\_\_\_\_

**26. Aðeins fyrir nemendur á 3. og 4. ári:**

**Nemendur hafa tvisvar fengið tækifæri til að leggja mat á kennslu, stjórnun og félagsstarf í skólanum. Telur þú að þetta mat hafi bætt skólastarfið?**

- mjög mikið
- mikið
- lítið
- mjög lítið
- ekkert





